

**Fundargerð 99. fundar Félagstjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn miðvikudaginn 9. október, kl. 10.00, árið 2019,
í félagsaðstöðu sjúkraliða, við Grensásveg 16, Reykjavík.**

Mætt til fundar:

Sandra B Franks, formaður SLFÍ
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari, Reykjavíkurdeild
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild
Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri
Helga Sveinsdóttir, Austfjarðadeild
Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild
Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir, Suðurnesjadeild, varmaður
Inga Lilja Sigmarsdóttir, Vesturlandsdeild
Jóhanna G. Þórðardóttir, Vestfjarðadeild
Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn
Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn

Fjarverandi:

Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri
Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ og
Jóhanna Traustadóttir ritari SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Staðan í kjaraviðræðum
4. Undirbúningur fyrir trúnaðarmannaráðsfund
5. Fréttir frá formanni og umræður
 - i. Lagabreytingar
 - ii. Skýrslur deilda og umræður
 - iii. Reikningar deilda
 - iv. Evrópudagur sjúkraliða 26. nóv.
 - v. EPN fundur í Helsingi – skýrslur frá löndum
 - vi. EPN fundur og málþing í Tromsø 4. til 5. júní 2020
 - vii. Gjafir til stjórnarmanna
 - viii. Námsmatskerfi SLFÍ
 - ix. Fagháskólanám, framvinda
 - x. Hjúkrunarráð LSH
 - xi. Ráðstefna í Coeur D´alene, Idaho USA
6. Upplýsingar frá formönnum um dagsetningar á aðalfundum deilda.

Önnur mál

Dagskrá

1. Fundur settur

Sandra Bryndísardóttir Franks formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) (SBF) setti fund, bauð alla velkomna og sagði frá því að Viktoría Magnúsdóttir formaður Suðurnesjadeildar væri forfölluð og í hennar stað kæmi á fundinn Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir, en Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir yrði fjarverandi þ.s. einhver ruglingur hefði verið með dagsetningar hjá henni.

2. Fundagerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir ritari SLFÍ (JT) sagði frá því að fundagerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Staðan í kjaraviðræðum

SBF fór yfir stöðuna í kjaraviðræðunum og fór yfir glærur, þar sem fram komu helstu áherslur BSRB á þeim fundum sem verið hafa með viðsemjendum. Fram kom að aðaláherslan á borði BSRB er fyrst og fremst stytting vinnuvikunnar. SBF gerði grein fyrir að góður andi hafi verið við samningaborðið framan af þ.s. umræðan var um að stytta vinnuvikuna og þá einnig sérstækt hjá vaktavinnufólki. Síðan hafi það gerst á fundi aðila þann 24. september að fulltrúar ríkisins lögðu fram tillögur um styttingu vinnuvikunnar sem náðu ekki eins langt og væntingar BSRB stóðu til og var þá deilunni vísað til ríkissáttasemjara.

SBF fór einnig yfir stöðuna í kjaraviðræðum SLFÍ við viðsemjendur og gerði grein fyrir þeim málum sem hafa verið rædd sérstaklega varðandi kröfur félagsins og þá helst væntanlegar launakröfur.

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ (GÖG) sagði frá að réttindanefnd BSRB væri að vinna í því að fá vinnutíma skráningarkerfi t.d Vinnustund leiðrétt, þ.s. komið hefur í ljós að kerfið reiknar meiri vinnuskyldu á vaktavinnufólk en dagvinnufólk.

GÖG fór yfir að SLFÍ hafi í gegnum tíðina tekið mið af ákveðnum stéttum með viðlíka menntun, ábyrgð og starfsvið þegar kjarakröfur hafa verið mótaðar, um framhald á því þurfi að ræða og taka ákvörðun þ.s. miklar breytingar hafa verið í launasetningu samanburðahópanna. Í allri umræðunni um styttingu vinnuvikunnar hafa skotið upp kollinum ýmis ný hugtök hjá viðsemjendum, eins og virkur vinnutími, þ.s. kaffitíminn er ekki talinn vera virkur vinnutími og ýmis áður um samin réttindi týnd til, þ.s. taka á upp í hugsanlega styttingu vinnuvikunnar. Fram kom hjá SBF að ekkert slíkt kæmi til greina.

GÖG sagði frá því að búið er að setja saman aðgerða- og áróðurshóp innan BSRB, sem á að skipuleggja áróðurs og auglýsingaherferð fyrir væntanleg/hugsanleg átök.

4. Undirbúningur fyrir trúnaðarmannaráðsfund

SBF hvatti formenn landshlutadeildanna til að vera með erindi/frásagnir á trúnaðarmannaráðsfundinum, sem áhugaverð væru og ættu erindi til trúnaðarmanna. Ákveðið var að Jakobína Rut Daníelsdóttir, (JRD) segði frá ferð til Danmerkur, sem farin var á vegum Landspítalans, en 4 sjúkraliða sem sinna kennslu/leiðbeiningu sjúkraliðanema á spítalanum fóru.

Í Danmörku heimsóttu þær spítala og kynntu sér námsaðstöðu danskra sjúkraliðanema, sem var mjög góð til náms og þjálfunar. Margt konar æfingasvæði voru þarna hönnuð eftir mismunandi aðstæðum t.d til heimahjúkrunar og annarskonar hjúkrunar.

Einnig varð ákveðið að Helga Sigríður Sveinsdóttir formaður Suðurlandsdeildar (HSU) færi yfir reglur varðandi úthlutun úr sjóðum SLFÍ og reglur og verkefni vara trúnaðarmanna.

5. Fréttir frá formanni SLFÍ og umræður

Lagabreytingar

SBF sagði frá því að framkvæmdastjórn SLFÍ muni fara í vinnuferð í Kiðjaberg, þar sem lög sjóða félagsins verða uppfærð og munu breytingarnar verða lagðar fyrir á næsta fulltrúabingi Sjúkraliðafélags Íslands vorið 2020. Fram kom að meiningin sé að aðlaga lög/reglurnar að þeim breytingum sem urðu þegar bókun 8 náðist í gegn. Ný heiti verða á einhverjum sjóðum og mun einn væntanlega styðja við tómsundur/lífsleikni. Hinir tveir sjóðirnir starfsþróunar og fræðslusjóður munu fá nýja stjórn.

Skýrslur deilda og umræður

SBF fór yfir „skapalón“ utan um ársskýrslur deilda, sem Birna Ósk Björnsdóttir (BÓB) starfsmaður á skrifstofu SLFÍ vann í samráði við SBF. Mikil umræða var um skapalónið, en fram kom að ekki væri krafa um að þetta væri eina rétta formið, en mikilvægt væri að hafa skýrslurnar með svipuðu sniði svo að t.d. tölulegar upplýsingar, sem koma þar fram séu samanburðar hæfar og til þess að nýir stjórnarmenn hafi eitthvað fastmótað í höndunum. Almenn ánægja með formið.

Reikningar deilda

SBF fór yfir formatið varðandi reikninga deilda, sem Jóna Jóhanna Sveinsdóttir gjaldkeri SLFÍ (JJS) setti saman 2015 og sendi á alla formenn deilda og unnið hefur verið eftir. JJS fór yfir forsögu blaðsins og útskýrði nánar hugmyndina á bak við skjalið.

JRD kom með tillögu að breyta starfsárinu og varð nokkur umræða um það. Lagt er til að starfsárið verði 1. september til 1. september árið á eftir og aðalfundur verði í október, nóvember hjá deildunum og var það samþykkt.

Undir þessum lið ræddi SBF hlutverk deildarformanns og er það óbreytt, enda engar ákvarðanir verið teknar um annað. Einnig var farið yfir hlutverk gjaldkera deilda til upprifjunar og það er óbreytt, en nauðsynlegt er að rifja það upp öðru hverju.

SBF fór yfir reglunum um fjárhagsáætlun deilda og eru þær óbreyttar.

SBF fór yfir tillögu sem JJS gjaldkeri SLFÍ lagði fram varðandi að hækking launa stjórnarmanna, sem búið var að samþykkja í framkvæmdastjórn og átti eftir að fara fyrir félagsstjórn SLFÍ. JJS fór yfir forsögu málsins og gerði grein fyrir fyrri ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna landshlutadeilda. Fram kom að engar hækkanir hafa verið frá árinu 2015 og var ákveðið samröma að hækka greiðslurnar um ákveðnar upphæðir tengda launaþróun á komandi árum. Fyrsta hækking verður árið 2020.

Rædd var sú hugmynd að skilað yrði inn fundargerð stjórna svæðisdeilda á skrifstofu SLFÍ eftir hvern stjórnarfund til að fylgjast með fundarhöldum. Að lokinni umræðu um málið var ákveðið að formenn deilda og/eða gjaldkerar deilda héldu utan um slíkt uppgjör og gert væri ráð fyrir 4 – 8 fundum á ári.

Evrópudagur sjúkraliða 26. nóvember

Rætt var um Evrópudag sjúkraliða, sem er 26. nóvember ár hvert. Fram kom að mikill munur hefur verið á milli deilda varðandi hvað hefur verið gert til hátíðabrigða á hverjum stað fyrir sig. Í ár er Evrópudagurinn 9 ára og leggur HSS til að þetta verði rætt á trúnaðarmannaráðsfundinum og leggur það til að trúnaðarmenn vinni þennan dag á sínum svæðum og fái aðra með. SBF tók undir það og leggur jafnframt til að fá stofnanir með í að fagna þessum merka degi

SBF gerði grein fyrir að búið væri að semja og senda skýrslu frá okkur um m.a. pólitíska stöðu í landinu, stöðu heilbrigðismála, stöðu erlends vinnuafls inna heilbrigðiskerfisins og einnig verður gerð grein fyrir stöðu kjarasamninga á Íslandi.

EPN fundur og málþing í Tromsø 4. til 7. júní 2020

Rætt var um ráðstefnuna í Tromsø og farið yfir ferðatilhögun, flugmiða og fram kom að Kristín Ólafsdóttir (KÓ) varaformaður SLFÍ hafi yfirumsjón með skipulagningu og umhaldi ferðarinnar. SBF gerði grein fyrir að í undirbúningi væri hvaða áherslur og efnistöð yrðu á ráðstefnunni og hafi ýmislegt verið nefnt s.s. eins og:

Velferðartækni, menntun, hæfni og framhaldsmenntun, starfsþjálfun, símenntun, verkefnaskipti, lífeyriskerfi í mismunandi löndum, vinnuaðstæður, endurteknir álagsáverkar.

Málið rætt og nefnt að áhugavert væri einnig að ræða smitsjúkdóma og fjölonæmar bakteríur.

Gjafir til stjórnarmanna

Farið var yfir skjal varðandi tækifærisgjafir þegar afmæli hlypi á tugum, rætt var um form/skjal frá Reykjavíkurbænum og fór JJS yfir það og útskýrði. Góð umræða var um málið, en ýmsar útfærslur eru á þessu í dag, en allir voru sammála að hafa þetta áfram með svipuðum hætti og gott að hafa skjalið, sem rökstuðning/leiðbeiningu fyrir gjöfum.

Námsmatskerfi SLFÍ

SBF fór yfir að félagið samdi við AP media um að hanna/uppfæra námsmatskerfið þannig að það verði aðgengilegra fyrir félagsmenn á „mínum síðum“. Uppfærslan hefur reynst flóknari en ráð var fyrir gert, en á nú að vera á lokametrunum. Allt námsmat liggur niðri á meðan og bíða umsóknir um afgreiðslu vegna námskeiða og náms niðri þar til kerfið er tilbúið. Verið er að samræma gamla kerfið og skrá gömlu upplýsingarnar inn í nýja kerfið.

Fagháskólanám, framvinda

SBF fór yfir stöðu menntamála sjúkraliða og sagði frá því að þegar Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra var á fundarferð um landið til kynningar á Heilbrigðisstefnu til ársins 2030 þá hafi komið fram í samtali m.a. við sjúkraliða að það vanti starfsfólk í störf, og við því þurfi að bregðast og að framhaldsnámið þyrfti að fara aftur af stað og þá á háskólastigi. Í framhaldi af kynningarfundum sínum um landið um heilbrigðisstefnuna setti hún á stofn starfshópa, sem eiga að koma með tillögur um að fjölga sjúkraliðum, en viðlíka hópar voru einnig settir á til að fjölga hjúkrunarfræðingum og sérfræðilæknum.

SBF fór yfir að félagið hafi skipað Birnu Ólafsdóttur skrifstofustjóra SLFÍ (BÓ) sem aðalmann í vinnuhópinn og SBF verður hennar varamaður.

SBF fór yfir að verið sé að horfa m.a. til skýrslunnar sem unnin var fyrir HA og er mjög jákvæð gagnvart fyrirhuguðu fagháskólanámi sjúkraliða. Rætt var um að byggð yrði samfelld leið upp í enn frekara nám og þeir sem klárað hafa framhaldsnámið fái námið metið sem 60 ECTS diplóma einingar á háskólastigi.

Hjúkrunarráð LSH

SBF gerði grein fyrir að beiðni Sjúkraliðafélagsins um að fá fulltrúa/sjúkraliða inn í hjúkrunarráð LSH sé í mótn og vinnslu. Ákveði hefur verið að þann 6. nóvember á aðalfundi ráðsins verði kynnt tilraunaverkefni, sem gengur út á að tveir sjúkraliðar sitji fundi ráðsins til tveggja ára, sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt. Að loknu þessu tilraunaári mun verða tekin ákvörðun um framhaldið.

Ráðstefna í Coeur D'alene, Idaho USA

GÖG fór yfir umræðuna á ráðstefnunni, sem hann og fleiri fulltrúar frá BSRB fóru á í USA dagana 9. til 14. september og fjallaði sérstaklega um áhrif vaktavinnu á starfsmenn. Fram kom að margt merkilegt og áhugavert var rætt þarna varðandi vaktavinnufólk og starfsumhverfi þess. Fram kom einnig að í USA er venjuleg vinnuvik jafnvel upp í 60 klst. og algengt sé að unnar séu 12 tíma vaktir. Engin samtrygging er í því samfélagi og fólk sem veikist verður oft hreinlega gjaldþrota. GÖG verður með erindi á fundi trúnaðarmannaráðs þ.s. nánar verður farið yfir umræðuna á ráðstefnunni.

6. Upplýsingar frá formönnum um dagsetningar á aðalfundum deilda.

SBF óskaði eftir að formenn gæfu upp dagsetningar á aðalfundunum deilda, en formaður SLFÍ stefnir á að mæta á fundina, en það getur breyst vegna kjaraviðræðna. Ákveðið að formenn sendi dagsetningar á SBF í tölvupósti.

Önnur mál

- Vinnuhópur fyrir heilbrigðisþing um siðferðileg gildi og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu á vegum BSRB. Ákveðið var að JJS verði fulltrúi BSRB.
- SBF fór yfir að hún hefði óskað eftir upplýsingum/tölum frá þeim skólum sem útskrifa sjúkraliða því nauðsynlegt væri fyrir félagið að hafa þessa tölfræði á reiðum höndum. Í ljós hefði komið mikið vandkvæði á menntunarkröfur og prófaframkvæmd og hvernig sjúkraliðanemum er fylgt eftir í verknáminu hjá Fjarmentaskólanum, sem menntar nema frá Ísafirði, Norðurland Vestra og Austurlandi. SLFI hefur farið fram á að gerð verði úttekt á þessum málum og bætt úr.

Fundi slitið kl. 15.30